



Sérreglur Skagafjarðar - byggðakvóti 2018/2019

Almennt: Tölvupóstur

Málsnúmer: ANR18100037

Málalyklar: 11.02.07 Úthlutanir aflaheimilda

Eigandi skjals: Sigurbjörg Óladóttir

Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 27.12.2018

Dagsetning skjals: 21.12.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Sigfús Ólafur Guðmundsson"

<sigfusolafur@skagafjordur.is>

Notandi: "Sigfús Ólafur Guðmundsson" <sigfusolafur@skagafjordur.is>

Dagsetning: 21.12.2018 16:41:56

Til: "Annas Sigmundsson" <annas@anr.is>

Afrit til: "Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið" <anr@anr.is>

Efni: Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd - 62

Sæll Annas,

Sendi þér hér að neðan bókun frá 62. fundi atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar, vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiði árið 2018-2019

Vinsamlegast staðfestu móttöku þessa póst.

1810042 - Auglýsing umsóknar um byggðakvóta 2018-2019

Tekin var fyrir úthlutun á byggðakvóta sem áður var til kynningar á 61. fundi Atvinnu-, menningar- og kynningarnefndar. Einnig lögð fram áskorun frá Drangey, smábátafélagi Skagafjarðar vegna reglna um byggðakvóta.

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd leggur til eftirfarandi breytingar á reglugerð nr 685/2018 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2018/2019 í Sveitarfélaginu Skagafirði:

1. Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður: "Hámarksúthlutun fiskiskipa yfir 50 brúttótonnum af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi byggðarlags verður 7 þorskígildistonn á skip."
2. Í 6. grein reglugerðarinnar verði veitt undanþága frá löndun til vinnslu. Til vara að bátar undir 50 brúttótonnum fái undanþágu frá löndun til vinnslu.
3. Þá leggur atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd til að ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan sveitarfélagsins.
4. Ennfremur leggur atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd til að sú skylda þeirra sem fá úthlutað byggðakvóta til að landa tvöföldu því magni sem þeir fá úthlutað til vinnslu, líkt og kveðið er á um í 6. grein reglugerðarinnar, verði felld niður.

Rökstuðningur vegna liðar 2.

Byggð á Hofsi hefur átt erfitt uppdráttar undanfarin ár og hefur ekki verið starfrækt fiskvinnsla í byggðalaginu um langt skeið. Fisk Seafood starfrækir fiskvinnslu á Sauðárkróki

og hefur Fisk Seafood verið meðal fremstu sjávarútvegsfyrirtækja á landinu hvað varðar tækniþróun í vinnslu. Nú er svo komið að fiskvinnsla fyrirtækisins hefur verið aðlöguð að nýrri kælitækni, svokallaðri ofurkælingu, sem skip Fisk Seafood búa yfir. Aðrir bátar og sér í lagi bátar undir 50 brúttótonnum eru ekki útbúnir með þessari ofurkælingartækni og því ekki unnt að taka á móti afla frá þeim í vinnslu Fisk Seafood. Nýverið tók til starfa fiskmarkaður á Sauðárkróki sem getur tekið á móti þessum afla og komið honum beint á markað.

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd bókar eftirfarandi:

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd mótmælir harðlega niðurstöðum úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2018-2019. Niðurstaða atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytis hvað Skagafjörð varðar er að úthluta aðeins 15 þorskígildistonnnum til Hofsóss og 70 þorskígildistonnnum til Sauðárkróks. Nefndinni hefur borist rökstuðningur ráðuneytisins fyrir úthlutuninni.

Niðurstaða þessi er með öllu óásættanleg hvað varðar úthlutun til Hofsóss og ljóst að reglur um úthlutun byggðakvóta mæta engan veginn tilgangi þess að úthluta byggðakvóta til byggðarlaga sem standa höllum fæti, s.s. eins og til Hofsóss. Það punktakerfi sem úthlutað er eftir horfir aftur síðustu 10 ár og mælir samdrátt aflaheimilda og vinnslu á þeim tíma en tekur í engu tillit til þess að samdráttar sem orðið hefur fyrir lengri tíma en 10 árum. Má því ætla að reglur sjávarútvegsráðuneytisins geri ráð fyrir að annað hvort hafi sjómenn gefist upp á þessum tíma eða þá að ástandið hafi lagast með öðrum hætti, en alls ekki að ástand geti verið óbreytt eða verra en áður eins og í tilfalli Hofsóss, sérstaklega þegar horft er til úthlutunar byggðakvóta til Hofsóss, en úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2010-2011 var 145 þorskígildistonn en nú fiskveiðiárið 2018-2019 einungis 15 þorskígildistonn eða samtals 970% samdráttur á 8 árum.

Atvinnu-, menningar- og kynningarnefnd skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að breyta reglum um úthlutun byggðakvóta á þann hátt að tekið verið tillit til lengri tíma og fleiri aðstæðna en núverandi reglur kveða á um. Mikilvægt er að reglur um byggðakvóta séu raunverulega sniðnar að því markmiði að styðja við byggðir sem standa höllum fæti vegna breytinga í sjávarútvegi.

kveðja

skagaflit.jpgSveitarfélagið Skagafjörður

Sigfús Ólafur Guðmundsson

Verkefnastjóri í atvinnu-, menningar- og kynningarmálum